

Kirkjuþing 2022-2023

16. mál - þskj. 16

## T I L L A G A

### **að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um söfnuði og sóknamefndir nr. 16/2021-2022.**

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Einari Mía Sigurðarsyni, Benjamín Hrafni Böðvarssyni og

Puríði Björgu W. Árnadóttur.

Frsm. Puríður Björg W. Árnadóttir.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir eftirfarandi breytingu á starfsreglum um söfnuði og sóknamefndir nr. 16/2021-2022.

#### 1. gr.

Við 6. gr starfsreglnanna bætist ný málsgrein, 8. mgr., sem hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 3. gr. er leikmanni heimilt að bjóða sig fram og starfa í annarri sóknamefnd en þeirri sem er í sókn sem hann tilheyrir samkvæmt lögheimilisskráningu, ef sóknamefndirnar eru innan sama prestakalls. Leikmaður verður að uppfylla almenn skilyrði þess að geta tekið sæti í sóknamefnd. Leikmaður getur aðeins starfað í einni sóknamefnd hverju sinni.

#### 2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

#### Greinargerð.

Á héraðsfundi Austurlandsprófastsdæmis í apríl 2022 kom fram ósk frá sóknamefndarfólki að færð yrði fyrir kirkjuþing sú tillaga að leikmönnum væri heimilt að sitja í sóknamefnd óháð lögheimilisskráningu en í eldri starfsreglum er aðeins gert ráð fyrir því að í sóknamefnd starfi sóknarbörn tiltekinnar sóknar.

Erfitt hefur reynst að manna sóknamefndir í minni sóknum á landsbyggðinni, þar sem fólki í sveitunum fækkar stöðugt og fólksflutningar milli sókna eru tíðari en áður. Við verðum æ oftast vör við það að fólk óski eftir því að fá að sitja áfram í sóknamefndum sinna gömlu sóknar kirkna þrátt fyrir að hafa þurft að færa lögheimili

sitt úr sókninni. Við teljum þetta ekki síður geta komið sér vel á höfuðborgarsvæðinu og raunar allstaðar á landinu.

Lagt er til að breyting þessi taki gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.

6. gr hljómi því svo eftir breytingar:

Sóknarnefnd skal skipuð leikmönnum. Leikmaður telst sá sem ekki hefur tekið vígslu til prests eða djákna.

**Leikmanni er heimilt að bjóða sig fram- og starfa í annarri sóknarnefnd en þeirri sem hann tilheyrir samkvæmt lögheimilisskráningu, ef sóknarnefndirnar eru innan sama prestakalls. Hver leikmaður getur þó aðeins starfað í einni sóknarnefnd hverju sinni.**

Sóknarnefndarmenn eru þrír í sóknum þar sem sóknarbörn eru færri en 300, en ella fimm, þó svo að þegar sóknarbörn eru 1.000 hið fæsta mega sóknarnefndarmenn vera sjö og níu ef sóknarbörn eru 4.000 eða fleiri, allt miðað við 1. desember næstliðinn. Fjölga skal sóknarnefndarmönnum, ef því er að skipta, á næsta aðalsafnaðarfundi þegar kjör sóknarnefndarmanna á fram að fara, eftir að þeir verða 1.000 eða 4.000 hið fæsta. Nú fækkar sóknarmönnum niður fyrir greind mörk og ákveður aðalsafnaðarfundur þá hvort fækka skuli sóknarnefndarmönnum.

Kjósa skal a.m.k. jafnmarga varamenn og aðalmenn eru og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð sem þeir voru kosnir í. Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til liðsinnis þegar hún telur ástæðu til. Nú forfallast aðalmaður varanlega og skal þá kosinn nýr aðalmaður út kjörtímabil sóknarnefndar.

Á tveggja ára fresti skal nokkur hluti kjörinna aðalmanna og varamanna ganga úr nefndinni, sem hér segir:

Árið 2023 skulu einn af þremur, tveir af fimm, þrír af sjö og fjórir af níu kjörinna aðalmanna og varamanna ganga úr nefndinni og ræður hlutkesti, nema samkomulag sé innan nefndarinnar.

Árið 2025 skulu tveir af þremur, þrír af fimm, fjórir af sjö og fimm af níu ganga úr nefndinni og ræður hlutkesti, nema samkomulag sé innan nefndarinnar.

Skal síðan kosið um hluta sóknarnefndar á tveggja ára fresti eftirleiðis í samræmi við 4. og 5. mgr. ákvæðis þessa.